

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

Deiliskipulag Krossavíkurbaða á Hellissandi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Snæfellsbæjar í umboði bæjarstjórnar á fundi sínum 19. júlí 2023 deiliskipulag Krossavíkurbaða. Í deiliskipulaginu er skilgreint um 2.500 m² svæði fyrir baðaðstöðu þar sem verði allt að 500 m² bygging á einni hæð, 1.800 m² svæði fyrir um 40 bílastæði og umferðarsvæði milli baðs og bílastæða. Svæðið er á náttúruminjaskrá og lögð er rík áhersla á að hönnun og framkvæmdir verði í háum gæðaflokki. Staðsetning mannvirkja var felld að nákvæmri gróðurgreiningu á svæðinu. Truflandi utanhúss framkvæmdir, sérstaklega jarðvinna, verði ekki á varptíma fugla.

Deiliskipulag Dritvíkurvegjar og Djúpalónssands í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Snæfellsbæjar í umboði bæjarstjórnar á fundi sínum 19. júlí 2023 deiliskipulag Dritvíkurvegjar og Djúpalónssands. Markmið deiliskipulagsins er að útbúa þjónustustað í þjóðgarðinum fyrir ferðamenn þar sem m.a. er gert ráð fyrir þjónustubyggingu með salernum, áningarstað, gönguleiðum og bíla- og rútustæðum. Núverandi bílastæði verði bætt, en meginbílastæði og fáein rútustæði verða neðan þjóðvegjar og þar má reisa 80 m² þjónustuhús á einni hæð. Svæðið er innan þjóðgarðs og forðast skal rask utan framkvæmdasvæða.

Deiliskipulagstillögur þessar voru auglýstar samhliða breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og hefur Skipulagsstofnun þegar staðfest gildistöku aðalskipulagsbreytinganna. Umhverfismatsskýrsla var sameiginleg fyrir bæði skipulagsstigin. Tillögurnar hafa hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 111/2021 og öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 15. ágúst 2023.

Hildigunnur Haraldsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. ágúst 2023